

Vísir, 23. júní 1936

Krían spáir regni.

Þyrkingsleg veðráttu og þurrviðri mikið hefir nú staðið stundum saman langa hríð og hefir hvergi verið skýskaf að sjá á hauðri né himni, mistrið og moldrykið mikið og einna mest í gær, einkum hér í bænum og í öllum vegum hér í grend; var þá engin veðurbreyting í vændum, svo sýnilegt væri. Um hádegisbilið fór eg í bifreið upp að Silungapól til þess m. a. að viðra rúmföt, opna hurðir og glugga á húsinu o. s. frv.

Þá er vér ókum fram hjá Tungu, sagði eg við bifreiðarstjóran og hina aðra, er í bifreiðinni voru:

„Það verður komið regn á morgun!“

Bifreiðarstjórinn leit til mín undrandi mjög og mælti ekki orð við því líkri fjarstæðu og virtist mér hann og hinir aðrir, er í förinni voru, aðeins brosa að þessu.

En í dag, 24 klst. síðar, er komin þéttur úðvaði og þykkviðri mikið!

Nú mætti spyrja: „Hvað hafðirðu til marks um það í gær, eins og veðrið var þá, að komin yrði rigning í dag?“

Eg byggði vissu mína um þetta á hinu sama, sem eg hefi oft áður séð og bent á, þótt fáir hafi e. t. v. veitt því athygli: Að krían var komin í hópum upp um öll tún og tekin til að tína maðk! — Hún virðist fara nærri um það, að maðkurinn er orðinn þyrstur og þurbrjósta niðri í þurri moldinni og þurfti því aðeins upp undir svörðinn, til þess að svala þorsta sínum, og þá er tækifærið fyrir hana komið til þess að ná í hann, meðan hann mettar hungur sitt. — Þau finna það á sér hvort um sig, krían og maðkurinn, hvað veðráttunni líður og þurfa engar veðurspár um það. Svo er og um fjölda annara fugla og dýra. Eg hefi safnað mörgum sögum um það, sem ekki er unt að rengja.

17. júní 1936.

Jón Pálsson.